

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra

Skýrsla formanns 2022

Stjórn

Stjórnarmenn áttu einn fund á þessu ári en héldu samskiptum traustum og reglulegum með sms, tölvupósti og samfélagsmiðlum. Stjórnarmenn voru virkir og meðvitaðir um allar ákvarðanir allt árið. Þetta sýnir hvernig heimsfaraldurinn hefur skapað nýja samskiptamenningu.

Starfsemi

Í febrúar héldum við upp á alþjóðlegan táknmálsdag á samfélagsmiðlum okkar.

Við héldum pizzu- og spurningakvöld í apríl með okkar félögsmönnum, börnum þeirra og ættingjum. Þetta var kjörið tækifæri fyrir foreldra til að kynnst og skilja betur hlutverk félagsins. Í lok kvöldsins fengu krakkarnir páskaegg að gjöf.

Hið árlega Döffmót fór fram á Stokkseyri 8.-10. júlí; FSFH bauð upp á pylsur með drykkjum eins og venjulega.

Tveir fulltrúar frá FSFH mættu á tveggja daga langan fund ÖBÍ í október.

Málefni og áherslur félagsins

Formaður FSFH situr í nefndinni: "Starfshópur um heildarstefnumótun í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra grunnskólanemenda í Reykjavík". Alls eru sex fundir. Hlutverk starfshóps þessa er að vinna að stefnumótun í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra grunnskólanemenda í Reykjavík og þeirra sem njóta þjónustu og ráðgjafar frá táknmálssviði Hlíðaskóla. FSFH leitast við að efla samstarf stofnana sem starfa með heyrnarlausum/heyrnarskertum börnum.

Styrkir

Evrópusamband heyrnarlausra ungmenna hélt loksins tveggja ára búðir sínar, eftir fimm ára hlé, í Zermatt í Sviss. Við veittum ungri stúlku 50.000 króna ferðastyrk.

Einnig veittum við Masters nemanda 150.000 krónur sem nota átti í að þýða grein hans úr íslensku yfir á ensku. Þessi ritrýnda fræðigrein ber heitið „Hafa félagsleg samskipti áhrif á sjálfskilning döff fólks í fámennu samfélagi heyrnarlausra á Íslandi?“ og er rannsókn sem byggir á sjónarmiðum fólks í tengslum við mótun sjálfskilnings hér á landi.

Að lokum veittum við fjölskyldu 150.000 króna styrk til að taka þátt í vinnustofu sem bar heitið „Deaf Educationalists to Build Bridges in the Nordic Countries“ og var haldin í Leksand í Svíþjóð.

Annað

Til viðbótar við almenna starfsemi okkar deildum við upplýsingum tengdum viðburðum og annars konar tengdu efni á samfélagsmiðlum okkar.

Sigríður V. Jóhannsdóttir

Formaður

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Pósthólf 8635, 128 Reykjavík. www.fsfh.is – fsfh@fsfh.is